

## Tvær ritgerðir.

Eftir dr. *Helga Pjeturss.*

### Voðinn og vörnin.

#### I.

Við og við eru að berast hingað fréttir af ógurlegum atburðum, þannig vöxnum, að slíkir hafa ekki orðið áður. Tíðindi þessi standa í sambandi við hinar mjög alvarlegu tilraunir, sem á fullkomnari lífstöðvum er verið að gera til þess að bjarga mannkyni jarðar vorrar og koma því á sanna framfaraleið. Þegar ekki er, hérna á jörðu, tekið undir þær tilraunir, þegar ekki geta hér orðið þær viðtökustöðvar sem þyrfti, þá missir marks hinn mikli kraftur, sem að verki er í tilraunum þessum, og þá eykst mjög hættan á því, að náttúran gangi úr sínum vanalegu skorðum. Samtímis því sem skapsmunir manna æsast, svo að þeir fremja vitfirringsleg verk, verða vatnavextir svo miklir, að ódæma skemdir hljótast af á svæðum, þar sem ekki virtist ástæða til að óttast neina hættu úr þeirri átt. Og þar sem aldrei hafa komið æðiveður, eða úrkomur gert neinn skaða svo teljandi hafi þótt, geysa stórvíðri líkust því, sem verst verður á mestu veðurofsasvæðum jarðarinnar, og svo rignir með ódæmum, að vötn velta þar fram með fossfalli sem ekki var lækjarsitra áður, og snúa í aur og flag stórum landspildum, sem áður voru blómleg engi og akrar, en fólk veit ekki fyrir til en vatn beljar inn í húsin með svo miklum ofsa, að margir drukkna í rúmum sínum. Og er þá ótalið það, sem ef til vill er hræðilegast og flestum hefur að bana orðið, en það eru jarðskjálftarnir.

#### II.

Enginn sem reynt hefur til að veita því eftirtekt, sem fram hefur farið þessi ár, getur án mikillar áhyggju horft til framtíðarinnar. Því að það má segja með vissu, að verði ekki

hinni miklu tilraun, sem vikið var á, betur ágengt en hingað til, þá er enn þá verri tíðinda von, en þegar eru orðin. Og ærið virðist mér ískyggilega horfa, þegar svo herfilega getur farið, að barn druknar í ekki meira vatni en svo sem svara mundi kýrsopa eða tveimur. Virðist mér sem ill tíðindi vofi hér yfir oss, stórskemdir á bænum og manndauði. En þó mundi ég ekki skrifa þetta, ef ég þættist ekki vita, að þeim tíðindum má afstýra. Mundi ég hiklaust, ef slíks væri kostur, gera svo-feldan samning, að ef ekki færi eftir því, sem ég hefði sagt, og væri þó þeim skilyrðum fullnægt, sem ég hefði sett, þá mætti taka mig af lífi. En það skilyrði mundi ég setja, að menn treystu mér sem visindamanni og heimspekingi, svo sem skynsamlegt er. Menn verða að hafa einlægga vilja á að læra að hugsa þannig, að hinar æðri verur geti náð hér tökum, og hjálpað mönnunum til að aukast svo að orku og viti, sem þarf til þess að fá miklu fullkomnari stjórn á náttúrunni en nú er. Menn þurfa að læra að skilja hina miklu hugsun um eining og samræmi tilverunnar. Skilja hinn stórkostlega tilgang lífsins. Vita, að það er ekki til neinn almáttugur guð, sem sitji í háseti sínu einhversstaðar á himnum, og horfi rólegur á hörmungar lífsins, eins og því er lífað á biljónum eða centiljónum af jörðum. Vita, að vér lifum hér eins og á útjaðri, þar sem hin mikla tilraun, er vér köllum líf, er ekki farin að takast, þó að hinum æðsta krafti tilverunnar sé að því stefnt að hefja oss á braut fullkomunarinnar. Vér þurfum að skilja, að hér er frumstig lífsins, og hugleiða vel, hvað það þýðir, að hinn æðsti kraftur hefur þurft miljónir alda til að skapa úr efnum þessarar jarðar veru, sem gæti hugsað og farið að taka að sér stjórn náttúrunnar í kring um sig. Vér þurfum að skilja, að sá kraftur, sem lífið er af, vill geta gert sér líkama á öllum stjörnum, gera allan heiminn að sínu heimkynni, hefja alla náttúruna til alfullkomunar. Sérstaklega er oss áriðandi að skilja, að lífið á slíkum frumstöðvum lífsins, sem jörð vor er — sbr. greinina Frumlíf og framlíf í Morgunbl. 5. júlí — heldur áfram á öðrum stjörnum, í nýjum líkómum, gerðum úr efnum þeirra stjarna. Þessi skilningur er svo afar áriðandi vegna þess, að þegar hann er orðinn almennur, þá er fengið hið ómissandi skilyrði fyrir því, að sam-

bandið við hinar fullkomnari lífstöðvar komist í gott lag. En nú erum vér líkt staddir og líkamshluti, sem blóðið aðeins á mjög ófullnægjandi hátt gæti streymt til að næra. Það er af þeirri ástæðu, sem þessi visnun er í lífinu hér, og mest þar sem fullkomnast gæti orðið, ef vel vegnaði.

### III.

Stefna þessi, sem hér er haldið fram, er ekki nein fjandskaparstefna, heldur vill meta hið góða, hvar sem það er, og koma fram með nærgætni og vinsemd gagnvart öllum, eftir því sem framast er unnt. En enganvegin meguum vér gleyma því, að hin litla íslenska þjóð er fyririlitin af heiminum. Enginn grunur er til hjá öðrum þjóðum — sem nálega allar eru stórþjóðir í samanburði við oss — um þýðingu þessarar smáþjóðar. Vér verðum sjálfir að uppgötva þessa þýðingu og fá heiminn til að skilja hana. Og varast verðum vér að láta oss vaxa svo í augum það, sem hinar stærri og gengismeiri þjóðir halda að oss, að vér svíkjum sjálfa oss og sannleikann. Það er ætlunarverk Íslendinga, þjóðarinnar sem á í bókmentum sínum Landnámu og Heimskringlu, að eiga upptökin að því, að ríki sannleikans verði stofnsett á jörðu hér.

Hið norræna kyn verður að vera í fylkingarbrjóstinu, ef takast á að bjarga mannkyninu. Og læra þó betur en nú er, að þekkja sjálf sig og sitt ætlunarverk. En án Íslendinga getur það ekki orðið, eins og þegar fyrir löngu er í ljós komið.

### IV.

Meðal Íslendinga, bæði heima og erlendis, eru nú uppi margir ágætir gáfumenn, sem auðvelt væri að skilja, að ég fer með rétt mál, ef þeir aðeins hirtu um að reyna. En áður en mörg ár verða liðin frá því, að menn vilja vera mér samtaka um hinn nauðsynlega skilning, sem hér hefur nú enn verið nokkuð af sagt, þá mun frægð og farsæld hinnar íslensku þjóðar hafa margfaldast. Og eigi aðeins íslensku þjóðarinnar. Þetta segi ég hiklaust, og mundi ég þar vilja við leggja, eigi aðeins höfuð mitt, heldur líf mitt að eilífu, ef slíks

væri kostur. Því að áhættan væri engin. En hitt veit ég ekki eins vel, hvernig fer, ef menn halda áfram að meta meir það, sem ósannara er. En þetta er það, sem mér virðist líklegast. Slysaldan mikla, sem þegar hefur orðið nokkuð vart hér, mundi þá ná hingað af fullum krafti. Mundi þá verða hér sjávangangur til mikils skaða og jarðskjálftar, svo að mörg hús mundu falla, sem ekki eru jární treyst. Hygg ég, að bærinn mundi ekki rétta við síðan, og lítið verða eftir af Reykjavík, þegar þeir væru orðnir öldungar, sem nú eru hér yngstir. En ef vel vegnar, ef hin íslenska þjóð skilur sitt ætlunarverk, þá verður Reykjavík skemtilegri og fegurri borg en nokkrum mundi nú þykja líklegt að orðið gæti. Og fegursta og mesta húsið í bænum verður eign allra bæjarbúa og kallað Vingólf. Munu Reykvíkingar koma þar saman til að kynnast og stofna til þess, sem í sannleika megi kalla bæjarlíf. Því að nú er ekki til neitt, sem svo sé rétt nefnt. Menn segja að vísu oft, að hér þekki allir alla, en hitt væri þó önnu nær, að flestum séu fáir kunnir, en sannast þó, að enginn þekki annan.

27.—31. ág. '27.

### Áriðandi viðleitni.

Þessi grein er í þómu

Ekkja eftir frægan leikara enskan, hefur í bók, er hún nefnir *Albert Chevalier comes back*, lýst því, hvernig hún með hjálp eigi allfárna hinna beztu miðla á Englandi fekk samband við mann sinn framliðinn. Hafði hún ekki áður haft neinn áhuga á slíku, en hefur nú með tilraunum þessum, sem hún segir nokkuð af, sannfærst um, að maður hennar lifi þó að hann sé látinn, og að hún hafi fengið samband við hann. Virðast sannanir þær, sem hún færir fram, óhrekjandi. En þó er það ekki þeirra vegna, sem mér þykir bókin merkileg, því að ég hef fyrir löngu gengið algerlega úr skugga um það, að framliðnir lifa, og að samband má fá. Þó að alt af sé ófullkomnara en vera þyrfti. Bókin hefur í mínum augum gildi helzt vegna þess, að þar kemur fram á skemtilegan hátt þessi algenga viðleitni framliðinna á að koma þeim, sem þeir